



Borgarráð

Undirbúningur útboðs ytri endurskoðunarþjónustu

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela innkaupaskrifstofu að hefja samantekt gagna til undirbúnings útboðs á ytri endurskoðunarþjónustu í samvinnu við stjórnir félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar með vísan í hjálagt bréf endurskoðunarnefndar, dags. 12. október 2022.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf endurskoðunarnefndar, dags. 12. október 2022



Reykjavík, 12. október 2022

IE22090014

4.1.2

HS/KV

Borgarráð

Útboð ytri endurskoðunarþjónustu

Á fundi endurskoðunarnefndar þann 10. október 2022 fór fram umræða um útboð ytri endurskoðunarþjónustu.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Eitt af meginverkefnum endurskoðunarnefndar er að setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðanda. Ytri endurskoðunarþjónusta hefur verið unnin á grundvelli ákvörðunar borgarráðs og stjórna félaga innan B hluta í júlí 2012 um að fara í sameiginlegt útboðsferli á endurskoðunarþjónustu. Sú ákvörðun var endurnýjuð á árinu 2018.

Gildistími verksamnings um ytri endurskoðunarþjónustu frá árinu 2018 milli Reykjavíkurborgar og eininga sem teljast til B-hluta sveitarfélagsins skv. 2. tl. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 annars vegar og endurskoðunarfyrirtækisins Grant Thornton hins vegar um endurskoðunarþjónustu rennur út í árslok 2022. Í ljósi þess vekur endurskoðunarnefnd athygli á því að borgarráð fyrir hönd Reykjavíkurborgar og stjórnir eftirtalinna félaga sem eru aðilar að verksamningi þessum þurfa að taka ákvörðun um að efna til útboðs að nýju á endurskoðunarþjónustu:

- o Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur sef., þ.e. samstæða, móðurfélag OR og dótturfyrirtækin:
 - § OR eignir ohf.,
 - § Veitur ohf.,
 - § Orka náttúrunnar ohf.,
 - § ON Power ohf.,
 - § Ljósleiðarinn ehf.,
 - § Orkuveita Reykjavíkur – Vatns- og fráveita sf.,
 - § Reykjavík Energy Invest ehf.
 - § Úlfljótuvatn frítímabyggð ehf.
 - § Carbfix ohf.
- o Félagsbústaðir hf.
- o Faxaflóahafnir sf.
- o Jafnlaunastofa sf.



- o Þjóðarleikvangur ehf.
- o Íþróttta- og sýningarhöllin hf.
- o Malbikunarstöðin Höfði hf.
- o Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, samstæða og dótturfyrirtæki SHS Fasteignir.
- o Sorpa bs.
- o Strætó bs.
- o Aflvaki hf

Endurskoðunarnefnd óskar eftir því að borgarráð taki erindið til umfjöllunar á næsta fundi sínum og tilkynni endurskoðunarnefnd um afgreiðslu þess svo fljótt sem auðið er.

Hallur Símonarson
e.u.